

## Tilkynning til opinberra aðila\*

### BREYTT FYRIRKOMULAG VEGNA UMSÝSLUÞÓKNUNAR RAMMASAMNINGA

Þann 26. ágúst sl. samþykkti ríkisstjórn áætlun er varðar umbætur í innkaupum hjá ríkinu. Hluti þeirrar áætlunar öðlaðist lagalegt gildi með fjárlögum 30. desember 2016. Meðal aðgerða er breytt fyrirkomulag við innheimtu umsýsluþóknunar af rammamningum ríkisins. Um áramótin halda seljendur ekki lengur eftir hluta afsláttar opinberra aðila heldur rennur fullur afsláttur beint til þeirra. Hjá A-hlutastofnunum ríkisins verður þessi umsýsluþóknun tekin beint af þeim af fjárlögum, en um aðra opinbera aðila gildir áfram gjaldskrá fyrir aðild að rammamningum ríkisins, samþykkt af fjármálaráðuneytinu. Opinberir aðilar njóta því betri kjara sem því nemur vegna vöru og þjónustu sem keypt er á grunni rammamninga eftir breytingar.


Gerð og rekstur rammamninga hefur verið fjármagnaður með allt að 2% umsýsluþóknun sem seljendur hafa haldið eftir af heildarfjárhæð viðskipta innan rammamnings og skilað til Ríkiskaupa ársfjórðungslega. Í apríl nk. hefja Ríkiskaup innheimtu aðildargjalds þar sem tekið verður mið af rammamningsviðskiptum þeirra. Innheimtan verður eftir atvikum 1x til 4x á ári. Mikilvægt er að breytingunni sé fylgt eftir með auknu verðeftirliti. Opinberir aðilar eru því hvattir til þess að fylgjast með því að viðbótarafslátturinn skili sér. Breytingin leiðir ekki til kostnaðarauka heldur þvert á móti til umtalsverðs sparnaðar. (Sjá meðfylgjandi yfirlit yfir prósentu þóknunar í rammamningum.)

### NÝJAR ÁHERSLUR – SAMEIGINLEG INNKAUP


Hlutverk Ríkiskaupa er m.a. að beita sér fyrir samræmdum og hagkvæmum innkaupum fyrir ríkið. Nýjar áherslur í áætlun ríkisstjórnarinnar fela í sér aukin sameiginleg innkaup Ríkiskaupa þar sem stefnt er að því að ná fram hagstæðari samningum meðal annars með sameiginlegum örútboðum, skuldbindandi kaupum og fækkun birgja til að nýta betur kaupmátt ríkisins, stofnunum til hagsbóta.

Innkaupaverkefni samkvæmt nýjum áherslum hafa þegar gefið góða raun og skilað miklum ávinningi til þeirra stofnanna sem tekið hafa þátt. Með breytingunni verða Ríkiskaup virkari samstarfsaðili opinberra aðila í innkaupum þeirra. Gagnsæi og jafnræði eykst og afsláttur í rammamningum skilar sér beint til kaupenda.


Sameiginleg innkaup á tölvum tryggði 55% afslátt af listaverði og 40% afslátt miðað við rammamningskjör.



Sameiginleg innkaup á tölvuskjám skilaði 65% afslætti af listaverði og 56% hagstæðari kjörum en lágmarksafsláttur í rammamningi.



Sameiginleg innkaup á ljósrítunarpappír: 50% frá listaverði og 35% hagstæðari kjör en lágmarksafsláttur í rammamningi.



### **SAMEIGINLEG INNKAUP Á ÁRINU 2017**

Ríkiskaup hafa gert rammasamninga í yfir 30 flokkum rekstrarvöru og þjónustu og sameiginleg innkaup með þessum samningum skiluðu stofnunum ríflega 2ja milljarða kr. ávinningi á síðasta ári. Góður árangur náðist ennfremur með sameiginlegum örútbodum stofnana sem skiluðu um 100 milljóna kr. ávinningi meðal annars í innkaupum á tölvubúnaði og ljósritunarpappír.

Árið 2017 stefna Ríkiskaup að 2–3 sameiginlegum örútbodum ársfjórðungslega í tölvubúnaði og tölvuskjám. Auk þess er stefnt að sameiginlegum örútbodum í prentlausnum og ljósritunarpappír, ennfremur verða kannaðir möguleikar á sama fyrirkomulagi í völdum rammasamningsflokkum, s.s. húsgögnum (rafdrifin skrifborð, skrifborðstólar o.fl.) og síma- og fjarskiptaþjónustu.

Þá er einnig stefnt að aukinni hagkvæmni rammasamninga með fækkun birgja í vöru- og þjónustuflokkum. Á árinu verða boðnir út nýir rammasamningar þar sem samið verður við einn birgi um kaup á úrgangspjónustu, plastvöru, skoðunarhönskum og ljósaperum svo dæmi séu tekin en samhliða því verða boðin út hugbúnaðarleyfi, byggingarvörur, skrifstofuvörur, eldsneyti, síma- og fjarskiptaþjónusta, húsgögn og raftæki auk ýmissa annarra þjónustuflokka. Fyrirkomulag við val á samningsaðilum inn í þessa samninga verður með þeim hætti að eingöngu verða valdir þeir aðilar sem bjóða hagkvæmasta verð að uppfylltum gæðum, s.s. vistvænum skilyrðum, ýmist einn birgi eða forgangsbirgi um ákveðna flokka og samhliða því þá fleiri birgjar með möguleikum á sameiginlegum örútbodum um skuldbindandi magn.

### **ÁVINNINGUR AÐILDAR AÐ RK RAMMASAMNINGUM**

Allir opinberir aðilar sem nýtt hafa rammasamninga ríkisins eru áfram sjálfkrafa aðilar að þeim samningum. Slík aðild afléttir hugsanlegri útboðsskyldu, felur í sér aðgang að sameiginlegum örútbodum, innkaupa- og lögfræðiráðgjöf auk fræðslu og þjálfun fyrir innkaupafólk. Auk þess gefst aðilum kostur á þátttöku í kaupendaráði sem hefur lykilhlutverk við gerð nýrra rammasamninga.

Í ársbyrjun senda Ríkiskaup tilkynningu um fyrirhuguð rammasamningsútbod á komandi ári. Þær stofnanir sem óska sérstaklega eftir að vera EKKI aðilar að nýjum samningum vinsamlega látið Ríkiskaup vita eigi síðar en 15.2.2017. Ef engin uppsögn berst líta Ríkiskaup svo á að áframhaldandi aðild ykkar sé staðfest.

Virðingarfyllst,  
Halldór Ó. Sigurðsson, forstjóri Ríkiskaupa

FYRIRHUGUÐ RAMMASAMNINGSÚTBOÐ Á ÁRINU 2017

Heiti rammamennings	Núgildandi ramma samningur rennur út	Stefnt er að auglýsa útboð (ársfj.)
Skoðunarhanskar		1. ársfjórðungur
UT tölvubúnaður	1.3.2017	1. ársfjórðungur
RS miðlægur og netbúnaður	1.3.2017	1. ársfjórðungur
Plastvörur	31.3.2017	1. ársfjórðungur
Endurvinnslu- og úrgangspjónusta	31.3.2017	1. ársfjórðungur
Byggingavörur	31.3.2017	1. ársfjórðungur
Ljósaperur og lýsingarbúnaður	31.3.2017	1. ársfjórðungur
Skrifstofuvörur og ljósritunarpappír	17.5.2017	1. ársfjórðungur
Endurskoðun	30.9.2017	2. ársfjórðungur
Olía og eldsneyti fyrir ökutæki og vélar	25.10.2017	3. ársfjórðungur
Síma- og fjarskiptaþjónusta	31.10.2017	3. ársfjórðungur
Húsgögn	30.11.2017	3. ársfjórðungur
Raftæki	30.11.2017	3. ársfjórðungur
Túlka- og þýðingarþjónusta	30.11.2017	3. ársfjórðungur
Umhverfis-, skipulags- og byggingamál	31.12.2017	4. ársfjórðungur

UMSÝSLUÞÓKNUN Í NÚGILDANDI RAMMASAMNINGUM

Heiti rammamennings	Þóknun 2016
Raforka	0,50%
Þjónusta verktaka	1%
Bílaleigubílar	1%
UT-prentlausnir	1%
Úrgangspjónusta	1%
Umhverfis-, skipulags- og byggingamál	1%
UT - tölvu- og hugbúnaður	1%
Rekstrarráðgjöf	1%
Matvæli	1%
Öryggisþjónusta	1%
Endurskoðun	1%
Eldsneyti - ökutæki og vélar	1%
Bleiur, undirlegg og dömubindi	1%
Síma- og fjarskiptaþjónusta	1%
Prentun	1%
Starfsmannafatnaður	1%
Hýsing og rekstrarþjónusta	1%
Kjöt og fiskur	1%
Eldsneyti - skip og flugvélar	1%
Leigubílaakstur	1%
Byggingavörur og ljósaperur	2%
Plastvörur o.fl.	2%
Hreinlætisefni og pappír	2%
Alm. skrifstofuv. og ljósritunarp.	2%
Vöruflutningar innanlands	2%
Húsgögn	2%
Raftæki	2%
Túlka- og þýðingarþjónusta	2%
Borðbúnaður og eldhúsáhöld	2%